

Uppruni svifryks í Reykjavík – Júní 2017. Páll Höskuldsson, Efla og Arngrímur Thorlacius, Efnagreiningar ehf.

Tilgangur verkefnisins var að kanna frekar og athuga hvort staðfesta megi samsetningu svifryks (PM10) í Reykjavík sem fengust með mælingum ári 2013. Mælingar 2013 gáfu til kynna miklar breytingar frá mælingum tíu árum áður (2003). Breytingarnar voru aðallega mikil aukning á sóti og tölverð minnkun á malbiki í svifrykinu, en einnig mældist nokkur aska árið 2013 en ekki 2003.

Talið var að breytingarnar milli 2003 og 2013 þyrftu ekki að koma á óvart þar sem biklar breytingar hefðu orðið á þeim þáttum sem hafa áhrif á myndun svifryks á tímabilinu. Notkun nagladekkja hafði minnkað, breytingar orðið á malbiksgerðum og malbiksaðferðum, umferð aukist og einnig hlutfall dísilbíla. Þá hafði orðið eldgos og aska frá því borist til borgarinnar. Eining hafði dregið úr jarðvegsframkvæmdum.

Í þessu verkefni voru tekin svifrykssýni við gatnamót Miklubrautar og Grensásvegur, frá miðjum mars og fram í byrjun maí 2015. Framkvæmd sýnatöku og mælinga var svipuð og í fyrri verkefnum en nú var völ á næmara mælitæki til greiningar á rykinu.

Niðurstöður mælinganna staðfesta ekki lækkun hlutfalls malbiks í svifrykinu. Það hefur hækkað aftur og er orðið nálægt því sem var 2003. Hlutfall jarðvegs minnkar enn, en það hafði líka lækkað milli mælinga 2003 og 2013. Skýring á báðum þessum breytingum er að hluta rakin til veðurfars. Lágt malbikshlutfall 2013 gæti skýrst af því að þá var mikið votviðri á mælitímabilinu. Lækkun hluta jarðvegs er einnig skýrt með því að jarðvegsframkvæmdir hafa dregist saman. Hlutfall sóts mælist svipað nú og 2013 en mun herra en 2003. Það er talið mega rekja til aukinnar umferðar og aukins hlutfalls dísilbíla. Engin aska mælist 2015 og svo virðist sem askan sem myndaðist í eldgosum 2010 og 2011 sé ekki lengur til staðar í svifrykinu.

Í skýrslunni er bent á að svifrykið og þá sérstaklega sótið hafi neikvæð heilsufarsáhrif. Vegna þess að hlutfall sóts mælist hátt (tæpur þriðjungur af rykinu) er ástæða til að rannsaka þann mengunarþátt nánar og skoða leiðir til að draga úr sótmengun.